

Bréf Bjarna Pálssonar landlæknis til Landsnefnarinnar fyrri um meðöl gegn fjárpestinni, 14.03.1771. Lit. GG. ÞÍ. Skjalasafn rentukammers. B4/1, örk 22. (Ind. Ref. 2. Nor. B. nr. 391)

Commissions Papiirer til Instr. 7<sup>de</sup> Post.

Jndkom d. 20<sup>de</sup> Martii 1771.

Nokkur velmeint ráð við fjárkláðanum eftir requisition framlögð fyrir þá kongl. Commission!

Ég hefi fyrir nokkrum árum með alúð og athygli viðleitast og viljað gefa mönnum til reynslu nokkur þau ráð sem kynnu að lækna fjárkláðann, en það hefur öngan framgang haft, þar almennt svarast það sé Guðsstraff og landplága og dugi því engin ráð mót Drottni. Og þó nokkir hafi um sinn reynt eitt eða annað, hefur það verið með hangandi hendi, engri ástundan, allra minnst nokkurri trú eða von vegna áður umtalaðs Guðsstraffs.

Ég er ekki sá vitfirringur að vilja bakspyrna broddum eða uppþenkja ráð móti hans absoluta dispensatione, því það hefur ekki Andskotanum, langt síður nokkrum manni tekist. En þó Guð hafi lagt sterka sjúkdóma og plágur á menn og skepnur, hefur hann oft gefið mönnum að uppfinna náttúru meðöl við þeim. Bóla, flekkusótt, fransosar, gula etc. hafa oft sem pest grasserað og þó orðið læknaðar. En þess er varla von að það fólk sem með hangandi hendi brúkar medicament við sjálft sig, muni stærri árvekni hafa við féð. Af mörgum sem ég í þessu tilliti nokkuð ráðlagt hefi, veit ég engan sem hrósverða alúð þar viðlagt hafa nema mr. P. P.s.<sup>1</sup> hvörjum það vel tekist hefur og þar með haldið kindum sínum heilum og í þrifnaði. Að sönnu er ég þeirrar meiningar, að munur sé að eiga við kláðaféð bæði eftir plátsunum og sauðkindanna sjálfra kringumstæðum, en þar eftir og að því sem skynsamleg tilraun gefur hentugleika til umbreytinga verða menn að lempa sig.

En það sem ég haldið hefi og held mönnum eftir þessa lands kringumstæðum næst og bjargvænlegast að reyna er þetta:

1<sup>o</sup> Fyrst þegar fer að sjá á einni eða fleirum sauðkindum, sem oftast plagar að vera á haustin, stundum ekki fyrr en á vetrinum, takist það frá hjörðinni, aðgætist hvar skepnan helst hefur kláðann (sem oftast fyrst kemur í herðakambinn eða hrygginn), snöggklippist sá staður, þvoist síðan með skarpri lút er núist vel inn í skinnið með snarpri þurrku eða lepp, en lútinn búist so til:

Takist stækt hland, því sterkara því betra, hitist yfir eldi í járnþotti, þar saman við í suðunni hrærist aska af þangi þar því er brennt, eða aska af gömlum öskukalli þar sem sauðaskán eða taði er brennt eða og vel brennd arfaaska, hvað af þessu menn helst kunna. Þegar með einhvörri þessari ösku er temprað þvagið so nokkuð þykkni, núist með þessari lút kláðastaðirnir sem fyrr var sagt og þennan þvott held ég nauðsynlegt að brúka áður en annað þess sem eftir fylgir sé ofaní borið. Og þó betur hreinsist upp úr svitaholunum og skurfunnar ef askan er brúkuð, má samt og brúka alleina keituna.

Gömul forarleðja er og so skörp og kynni í staðinn öskunnar að brúkast. Að rekja niður blöð af klemmdu tóbaki, bleyta þau út með brennivíni, kreista so út löginn og bera hann ofan í

---

<sup>1</sup> Þorgrímur Þorláksson, múrarameistari Elliðavatni.

húðina rétt eins og talað er um hið fyrra, er í slíku tilfelli annarstaðar reynt og hefur vel gefist. Að þessu gjörðu eiga þeir staðir sem með lútinni þvegnir voru að þorna og síðan ofan í að bera.

2° Takist vel steyttur brennisteinn fullt spónblað, lýsi 1 mörk. Brennisteinninn á fyrst að renna í járnþotti eða ljósapönnu, kolu, með örliðu af lýsinu og so smám saman bætist þar í lýsinu eftir áðursögðum skammti og kann hvör eftir eigin vild og kringumstæðum gjöra af þessu mikið eða lítið eftir sínum hentugleikum. NB. hákalls, háfs og sellýsi er hér til betra en þorskalýsi. Eða og:

3° Takist brennisteinn, farist með sem sagt var, en brúkist í staðinn fyrir lýsi gamalt smjör. En þá er betra að smelta smjörið áður það sé látið saman við brennisteininn.

4° Tjara og súrt smjör álíka mikið af hvörju smeltist saman til áburðar. Kann og þetta temprast til helminga með N° 3.

5. Þó fæstum máske þyki þægilegt er samt bæði annarstaðar við illa örtudum kláða og hér í þessu tilfelli reynt að taka nýjan mannsþrekk og bera og núa ofaní kláðann. NB. Enginn þarf mjög að kippa sér upp við brúkan síns eigin þrekks til slíkra hluta, langt betur siðaðar og lærðari þjóðir en vér erum hafa sér enga minnkan talið að brúka til ýmsra hluta excrementa humana, so sem bæði þvag og saur, hráka, eyrnamerg etc. Hví þá ei vér í þessu tilfelli? Einkum þar reynslan hefur sýnt þess góða verkan og er neyð enginn kaupmann, ef annars nokkuð þvílíkt nauð mætti kalla, sem enginn kann gjöra nema útvöldustu letingjar og trassar.

Hvað nú af þessum áburðum eða þvíumlíkum brúkaðir, ætti fyrst að klippa um kláðastaðina, síðan þvo og núa þá með lútinni sem í öndverðu var umgetið, og á hún í hvert sinn að brúkast fyrr en á er borið þar til sést hörundið er orðið aldeilis hreint og skurfurnar burtu og er máttulegt að bera á kvöld og morgna og í hvört sinn núa vel og vendilega inn í skinnið. Og er ekki full tilraun gjörð fyrir en eftir 12 til 15 daga þó sumu af fénu kunni batna miklu fyrri. Þeim kindum sem þetta er reynt við væri best á veturnar að halda inni á meðan, einkum séu þær orðnar mjög snöggvar, en á haustin eða ef þær ganga úti er betra að sauma lepp yfir staðina sem á er borið. Eins má þetta reyna, einkum N° 5 í þurra og votakláðanum. En um hann þann vota skal síðar nokkuð meir sagt verða.

Ég hefi nú so nefnt þá innlendu hluti sem mér þykja helst reynandi og nokkurn veginn engum vorkennandi sjálfum að fá sér. En:

6° Er ungentum mercuriale eða áburður eftir kúnst og máta tilbúinn af kvikasilfri, og eins meðfarinn sem sagt er, eitt af þeim vissustu meðölum sem í þessu tilfelli reyna kunnast. Þar af kann nokkuð að fást hjá mér að sönnu, og reynist publico það framar öðru þéanlegt, kynnu þar fyrir að gjörast ráð og anstalter með tímanum.

7° Það fé eða sauðkindur sem votakláðann hefur er að sögn aðgætinna trúverðugra manna allt nokkuð spillt innvortis, einkum í lungunum, sem líklegt er komi af því skepnur þær draga ofaní sig gegnum barkann til lungnanna þau örviða smáu drepsóttar kvikendi sem annars setja sig í húðina með kláðaspillingunni, og af þeirri innvortis kvöl sem skepnan líður orðsakast útslátturinn eða sá voti kláði sem oftast byrjar og er mestur um herðakambinn, hrygg og háls, jafnvel náranna.

Fyrir utan hvað allt eins má fara með þær sauðakindur í brúkan áður nefndra útvortis meðala, mætti gefa þeim inn einu sinni á dag, nokkra daga í röð, einn góðan knífsodd af ofur smásteyttum brennisteini eða antimonio. En það er hægast soleiðis að láta þær sauðakindur vera inni nóttina gjafarlausar, láta síðan að morgninum þann skammt af brennisteins eða antimonii pulverinu sem inn skal gefa í lítið tuggukorn af góðu heyi eða á haustin af grænu grasi, láta það uppi skepnuna og halda fyrir munninn á meðan tyggur, gefa so á eftir 2 eða 3 knefa af heyi eða grasi, og láta so kindina ekki á eftir fá hey eða gras fyrir en sem svarar eftir matmálstíma. Gefa mætti því og að drekka vatn sem oft væri slökkt í glóandi járn ef það annars stendur inni og fær ekki annað að drekka.

8° Á þessu sama fé sem votakláðann hefur er ég fullrar vonar um að blóðtaka kynni góðan stað hafa soleiðis: Þegar skepnan af rekstri eða annarri hræringu væri vel heit, þá mætti fastbinda um bóganna miðjavega milli bringukolls og knés, so æðarnar þrútnuðu sem eru innan bógs, og nær því svara olbogabótaræðum á mönnum, opna eina þeirra með beittum penna eða tálgukníf og láta so blæða nokkuð til hlítar, hérum eina mörk, stemma síðan og binda um aftur.

9° Á þessu sama fé með votakláðann held ég og vert að reyna nokkru fyrir ofan knéð utan til á bógum jafnvel lærum að setja hanka eða setaceum soleiðis: Nokkru fyrir ofan knéð á bógunum, tekur maður millum tveggja fingra skinnið út frá kjötinu, stingur þar í gegnum með oddmjóum kníf eða al á þá, draga þar so í annað hvort hanka af hrosshári og færa hann so til daglega og taka af hrúðurhólkana. Eða sem betra er á sumur og haust að stinga í gegnum þessa opnan anga af heimilisnjólarót, hvannarót eða holtarót so endarnir á báðar síður nái vel út, og láta þetta so sitja sjálft yfir sér, því þegar sollið og grafið er um, leysist votinn burt af sjálfri sér. Þetta er eiginlega meint í byrjan votakláðans til að draga út yfirfljótanlega vessa undir skinninu. En hvörki hanki né blóðtaka hindra fyrir áður umtöluðu.

Þetta í einlægni velmeint vilda ég óska vitugir menn vildu reyna, og því heldur alúð við leggja sem betur reyndist. Og kynni þetta gefa orsök og tækifæri góðum mönnum til að uppþenkja fleira og betra, skyldi mér hjartans gleði ef formerkja fengi góð not þar af. Hvörs af hjarta óska og ann einum og sérhverjum.

Nesi d. 14. Martii 1771.

Bjarni Pálsson

[Þýðing á dönsku].

Nogle velmeente Raad i mod Faarefnatt efter Requisition fremlagt for den kongel.  
Commission.

Jeg har for nogle aar med Flid og Eftertanke stræbet og villet give Folk gode Raad til Pröve, som kunde læge Faarefnattet, men det har ingen Fremgang faaet, efter som man svarer i Almindelighed, at det er Guds Straff og Landplage, og der fore duer ingen Raad i mod Herren. Og skiöndt nogle har en Tid prøvet et eller andet, har været uden Flid, med liden Paapassenhed, aller minst med noget fast Haab, formedelst bemelte Guds Straff.

Jeg er ikke den Daare, at ville stampe mod Broddene eller at optænke Raad i mod hans absoluta Dispositione, thi det har ikke Diefelen, langt mindre noget Meniske gaaet an, men om endskiöndt Gud har lagt mange Sygdomme og Plager paa Mænd og Qvæg, har han dog ofte tilladt at opfinde naturlige Midler i mod dem. Börnekopper, Mislinger, Gulsot etc. have ofte grasseret som Pest, og dog kundet læges. Men det er neppe at vænte, at de Folk, som med Uvillie bruger Medicament til sig selv, vil bruge större Aarvaagenhed mod Qvæget. Af de mange som ieg i det Hensigt har givet noget Raad, veed jeg ingen som rosværdig Flid har der paa lagt uden Mr. Th. Th.s. som har lockedes det vel, og der med holdt sine Faar heele og i god Stand. Vel er ieg af den Meening, at der er Forskiæl paa at handle med fnatte Faarene efter Pladsene og Faarenes Omstændigheder, men maae lempe sig der efter, samt hvad fornuftig Pröve kan give Aarsag til Forandring.

Men det jeg har meent og meener at Folk efter dette Lands Omstændigheder er nærmest og beqvemmest at prøve er dette:

1° Först naar Sygdommen fornemmes paa et eller fleere Faar, som oftes plejer at skee om Efterhösten og undertiden ej för end om Vinteren, tages det fra Hiörden, og eftersees hvor Faaret helst har fnattet (som oftes kommer först paa Herdekammen eller Ryggen). Dette Stæd klippes vel, og der efter toes med skarp Lud, som gnyes vel ind i Skindet, med grovt Lerret eller Lapp, men Luden laves saaledes til:

Tages gammel Urin, jo sterkere, jo bedre, varmes over Jld i en Jærnpotte der i röres under Kaagningen Aske af Tang, hvor det brendes, eller Aske af gammel Askedyng, hvor Faareskarn brændes, eller og vel brændt Arve Aske, hvilke af dette man helst kan. Naar med en af disse Aske temperes Urinen, skiönt noget tykt, da gnyes med denne Lud Fnattstædet, som för var sagt, og dette Vask holder ieg nödvendigt at bruge, förend et af det fölgende er paasmurt. Og skiönt det reenses beder op af Svedehullene og Skabet om Asken bruges, maae man dog bruge Krittet alleene.

Gammelt Rendesteensskarn er og saa skarp, og kunde bruges i Askens Stæd. At tage Blade af presset Tobak, blöde dem i Brendevin, trykke Saften ud, og smöre Huden med, ligesom mæld er om det förste er i saadanne Tilfælde blevet prøvet andrestæder, og har lykkes vel. Efter dette giort skal de Stæder som vare toede med Luden blive törre og siden smöres.

2° Tages fin stödt Svovel, en Skeed fuld, Tran 1 Pott. Svovelet skal först flyde i en Jærnpotte, eller Lysepanne, med en Smule af Tranen, og saa lidt efter lidt kommes til af

Tranen efter forbemelte Deeling, og kan enhver efter egen Villie og Leilighed giøre meget eller lidet her af, efter sin Beqvemlighed. N.B. Havkals, Hav- og Selhunde Tran er bedre her til end Torske Tran. Eller og:

3° Tages Svovel, behandles som sagt er, men i Stædet for Tranen gammelt Smör, men dog er bedre at smelte Smöred förend det blandes med Svovelet.

4° Tiære og surt Smör ongefær lige meget af hver, smeltes sammen til Smörelse, dette kan og for det halv meleres med N° 3.

5° Skiönt meget faae maaskee synes behageligt, da er dog baade andrestæder mod ilde artet Skab, og her i dette Tilfælde prøvet, at tage nyt Menniske Skarn, og smöre og gnie Skabet med. NB. Jngen har nödig, at forundres meget over Brugen af sin egen Skarn til slige Ting, langt beder sædede og lærdere Folk end vi ere, har ej regnet det for mindste Skam at bruge til adskillige Ting Excrementa Humana, saa som baade Urin og Skarn, Spytt, Öremarg etc. Hvor da ikke vi i dette Tilfælde? J sær da Erfarenhed har vist dets gode Virkning, og er Nöd ingen Kiöbmand, om ellers noget det slags maa kaldes Nöd, som ingen kan giøre uden udsögteste lade og efterladne Mennisker. Hvad for et nu af disse Smörelser bruges, skulde först klippe Fnattstædet, der næst toe og gnye det med Luden, som först er ommældet, og bör den hver Gang bruges, för end smurt er, ind til man seer Huden aldeles er bleven reen og Skabet borte, og er til Pas at smöre Morgen og Aften, og alle Tider gnye vel og flittig ind i Skindet, og ej er fuldkommen Pröve giord förend efter 12 til 15 Dage, skiönt nogle af Faarene kunde meget för blive friske. De Faar, hvor med man gjorde Pröven var best at holde inde saa længe om Vinteren, helst om de ere blevne meget nögne, men om Hösten eller om de gaaer ude, er bedre at sye Lappe over det smurte. Ligesaa kan dette prøves i sær Nr. 5 i den törre og vode Fnatt, men om den sidste skal her efter noget meer blive mældet.

Jeg har nu saaledes rört ved de indenlandske Ting, som helst synes værdt at prøve og nogenledes ingen kan undskyldes at kunde skaffe sig. Men

6° Er Ungventum Mercuriale, eller Smörelse efter Kunst og Maal tillavet af Qvægsölv og ens behandlet som sagt er, og er et af de visseste Midler, som i dette Fald kunde försöges. Der af kan vel noget faaes hos mig, og forefindes det af Publico fremfor andet tienligt, kunde for samme giöres Raad og Anstalter med Tiden.

7° De Faar som have det vaade Fnatt, er efter Sigelse forsigtige og troeværdige Folkes, alt noget fordervet indvendig, i sær Lungene, som rimeligt, er kommer af det de Creaturer trekker ind i sig i giennem Halspiben til Lungen, de dumme Pest Insecter, som ellers sette sig paa Huden med Fnatt Fordervelsen, og af den indvortes Smerte som Faaret lider foraarsages Udslætten, eller det vaade Fnatt som oftest begynder og er mest om Herdekamben, Rygg, Hals og vel Krydset.

Foruden det at ens maae behandle disse Creaturer ved Brug af fornevnte udvortes Midler, maatte og give dem ind engang om Dagen nogle Dage i Rad, en god Knivsodd af meget fin stödt Svovel og Antimonio. Men det er lettest saaledes at lade de Faar være inde om Natten uden Foeder, komme siden om Morgenen den Portion af Svovel eller Antimonii pulveret paa lidet godt Höe, eller om Hösten af grönt Græs, lade det siden i Munden paa

Creature, og holde for den medens det tygger, give det siden efter 2 eller 3 Haandfuld af Græs, og lade den siden efter ikke faae Græs, förend som svarer efter 1 Qvart Tid. Man kunde og give det at drikke Vand hvor i ofte var kiölet gloende Jærn, naar det staaer inde og faaer ej andet at drikke.

8° Paa disse samme Faar, som have det vaade Fnatt, har ieg fuldt Haab at Aareladen kunde være tienlig, saaleedes: Naar Faaret af at drives eller anden Motion var vel varm, saa kunde man binde fast om Opbeenet, midt i mellem Bringen og Knæet, saa at Aarene svulnede, som er inden paa Boven, og næsten svare til Aluboden paa Mennisker, aabne en af dem med skarp Penne eller Talgekniv og lade blöde vel, omtrent ½ Pott, stemme siden og binde om i gien.

9° Paa disse samme Faar med det vaade Fnatt, tænker ieg værdt at prøve at sætte Hanke eller Setaceum noget oven for Knæet udvendig paa Opbeenet, eller og Laarene, saaleedes: Noget oven for Kneet paa Opbeenet, tager man mellem 2 Fingre Skindet ud fra Kiödet, stikker der i giennem med smal Kniv eller Jærn, trække siden der i enten Hanke af Hestehaar og före den daglig til og tage Skabringene bort. Eller hvilket er bedre om Vinter og Höst, at stikke i giennem denne Aabning lidet af Hvanne Rod eller Holte Rod, saa at Enderne paa begge Sider stikker vel ud og overlade det saa til sig selv, thi naar Stædet er svulnet, og der i grorer, lösnes Roeden bort af sig selv. Dette er egentlig meent om Begyndelsen af den vaade Fnatt, til at trække ud overflödige Vædsker under Skindet, men hverken Aareladen eller Hanker hjælper mod forbemelte.

Dette vel meent vilde ieg önske vittigere Folk vilde prøve og lægge dis meer Flid paa som det gelingede beder etc.

Nes den 14<sup>de</sup> Martii 1771.      Biarne Poulsen

*L.S.*<sup>2</sup>

---

<sup>2</sup> Hér er innsigli Eyjólf's Jónssonar ritara Landsnefndarinnar fyrri en hann hefur snúið bréfinu yfir á dönsku.